



Skógarvörðurinn á Norðurlandi Starfsskýrsla fyrir árið 2008



Sigurður Skúlason

1. VEÐURFAR ÁRSINS

1.1. Tíðarfarsyfirlit

Í janúar var suðaustan átt algengust. Hámarkshiti mældist 10,7 stig, 1. janúar. Lágmarkshiti mældist -14,7 stig, 13. janúar. Meðalhiti í janúar var -3,5 stig. Mesta snjódýpt var 28 cm, 31. janúar. Úrkoma var 63,9 mm, mest 18,6 mm, 31. janúar. Meðalvindhraði í janúar var 2,3 m/sek.

Í febrúar voru suðlægur áttir algengastar. Hámarkshiti mældist 8,5 stig, 19. febrúar. Lágmarkshiti mældist -13,0 stig, 1. febrúar. Meðalhiti í febrúar var -2,1 stig. Mesta snjódýpt var 55 cm, 5. febrúar. Úrkoma var 78 mm, mest 15,8 mm, 3. febrúar. Meðalvindhraði í febrúar var 3,7 m/sek.

Í mars voru breytilegar áttir, þó mest bæri á suðlægum og norðlægum áttum. Hámarkshiti mældist 6,4 stig, 19. mars. Lágmarkshiti mældist -15,3 stig, 4. mars, sem var mesta frost sem mældist á árinu. Meðalhiti í mars var -6,1 stig. Mesta snjódýpt var 56 cm, 31. mars. Úrkoma var 124,2 mm, mest 22,9 mm, 21. mars. Meðalvindhraði í mars var 2,9 m/sek.

Í apríl voru breytilegar áttir og hægviðri. Hámarkshiti mældist 10,9 stig, 24. apríl. Lágmarkshiti mældist -9,8 stig, 14. apríl. Meðalhiti í apríl var -0,5 stig. Mesta snjódýpt var 57 cm, 10. apríl. Úrkoma var 36,8 mm, mest 13,8 mm, 30. apríl. Meðalvindhraði í apríl var 2,0 m/sek. Gæsir komnar 12. apríl. Skógarpröstur 15. apríl. Hrossagaukur 19. apríl og Lóan 20. apríl.

Í maí bar mest á norðan- og suðaustan áttum. Hámarkshiti mældist 19,2 stig, 25. maí. Lágmarkshiti mældist -2,0 stig, 10. maí. Meðalhiti í maí var 7,2 stig. Mesta snjódýpt var 38 cm, 1. maí. Úrkoma í maí var 39,9 mm, mest 11,8 mm, 10. maí. Meðalvindhraði í maí var 2,6 m/sek. Spóinn kominn 2. maí og Maríuerlan 5. maí.

Í júní voru austan- og norðaustan áttir algengastar. Hámarkshiti mældist 19,0 stig, 14. júní. Lágmarkshiti mældist -1,0 stig, 23. júní. Meðalhiti í júní var 8,3 stig. Úrkoma í júní var 32,5 mm, mest 11,3 mm, 1. júní. Meðalvindhraði í júní var 3,0 m/sek. Sláttur hafinn í Fnjóskadal 28. júní.

Í júlí voru hægviðri og breytilegar áttir. Hámarkshiti mældist 25,4 stig, 30. júlí, sem var mesti hiti sem mældist á árinu. Lágmarkshiti mældist 0,9 stig, 19. júlí. Meðalhiti í júlí var 11,8 stig. Úrkoma var 46,3 mm, mest 15,7 mm, 2. júlí. Meðalvindhraði í júlí var 2,3 m/sek.

Í ágúst voru hægviðri og suðaustanátt algengast. Hámarkshiti mældist 22,6 stig, 1. ágúst. Lágmarkshiti mældist 0,6 stig, 12. ágúst. Meðalhiti í ágúst var 9,5 stig. Úrkoma í ágúst var 41,6 mm, mest 22,2 mm, 29. ágúst. Meðalvindhraði í ágúst var 2,2 m/sek.

Í september bar mest á suðaustlægum áttum. Hámarkshiti mældist 17,4 stig, 17. september. Lágmarkshiti mældist -1,1 stig, 30. september. Meðalhiti í september var

7,8 stig. Úrkoma var 59,3 mm, mest 14,2 mm, 27. september. Meðalvindhraði í september var 3,7 m/sek.

Mikill vindur var 17. september. Gránaði í fjöll 26. september.

Í október bar mest á suðaustan- og norðvestanáttum. Hámarkshiti mældist 8,8 stig, 8. október. Lágmarkshiti mældist -12,1 stig, 3. október. Meðalhiti í október var -0,6 stig. Úrkoma var 165 mm, mest 36 mm, 6. október. Mesta snjódýpt var 75 cm, 28. október. Meðalvindhraði í október var 2,7 m/sek.



Í nóvember voru norðan- og austanáttir algengastar. Hámarkshiti mældist 10,3 stig, 1. nóvember. Lágmarkshiti mældist -9,7 stig, 30. nóvember. Meðalhiti í nóvember var -0,7 stig. Mesta snjódýpt var 48 cm, 29. og 30. nóvember. Úrkoma var 92,7 mm, mest 34,8 mm, 28. nóvember. Meðalvindhraði í nóvember var 2,7 m/sek.

Í desember voru sunnan- og suðaustanáttir algengastar. Hámarkshiti mældist 9,8 stig, 10. desember. Lágmarkshiti mældist 13,5 stig, 3. desember. Meðalhiti í desember var -2,3 stig. Mesta snjódýpt var 48 cm, 4. desember. Úrkoma í desember var 41,2 mm, mest 6,7 mm, 21. desember. Meðalvindhraði í desember var 3,1 m/sek.

1.2. Tafla yfir hita og úrkomumælingar í Lerkihlíð 2008

	Meðalhiti C°		Úrkoma mm.	
Janúar	-3,5	(-3,1)	63,9	(40,4)
Febrúar	-2,1	(-3,7)	78,0	(44,4)
Mars	-3,4	(0,6)	124,2	(92,0)
Apríl	-0,5	(3,5)	36,8	(49,6)
Maí	7,2	(3,3)	39,9	(44,5)
Júní	8,3	(10,7)	32,5	(3,2)
Júlí	11,8	(9,8)	46,3	(29,0)
Ágúst	9,5	(8,7)	41,6	(71,6)
Sept.	7,8	(5,8)	59,3	(105,1)
Okt.	-0,6	(3,0)	165,0	(123,6)
Nóv.	-0,7	(-0,3)	92,7	(55,1)
Des.	-2,3	(-0,9)	41,2	(79,0)
	2,63	(3,12)	821,4	(737,5)

Tölur í svigum sýna hita og úrkomu 2007



1.2. Meðalhiti í júní - september.

Meðalhiti í júní til september var 9,35 stig, en var 9.75 stig sömu mánuði 2007

1.3. Hitastig undir frostmarki við jörð 10. maí - 20. sep

10/5	-2,2	23/5	-0,3	23/6	-1,8
16/5	-0,4	14/6	-0,3	19/7	-1,1
21/5	-1,2	21/6	-1,2	12/8	-0,1
22/5	-1,3				

1.4. Tafla yfir hámarkshita yfir 20. stig

23/7	20,3	29/7	22,6	1/8	22,6
26/7	22,3	30/7	25,4	2/8	20,0
27/7	23,6	31/7	21,6	17/8	20,2
28/7	21,6				

2. VÖXTUR OG ÞRIF TRJÁGRÓÐURS.

2.1. Laufgun og lauffall

Brum á lerki farið að þrútna og blómgun mikil 14. maí og kominn grænn litur á lerki 21. maí. Birki farið að grænka 22. maí. Lerki algrænt 25. maí og birki að verða algrænt 26. maí.

Greinar á birki farnar að gulna 15. ágúst. Lauffall byrjað á birki 24. ágúst, gæti verið vegna mikils ryðsvepps.

Mikið lauffall á birki og nálafall á lerki 17. september vegna mikils hvassviðris.

2.2. Vöxtur

Vöxtur á trjágróðri var góður þetta ár.

2.3. Fræfall

Fræfall á birki var misjafnt eftir svæðum. Engu var safnað þetta ár, því dálítið er til af norðlensku birkifræi og eftirspurnin lítil. Könglar voru á greni og furu en engu safnað. Í fræhúsi eru trén lítil enþá og því lítið af fræi, nema á mýrarlerki.

Úr skógi:

Engu safnað

Úr fræhúsi:

Ilmbjörk	78	gr
Mýrarlerki	335	gr

2.4. Skaðar

Mikið hvassviðri gekk yfir landið aðfararnótt 17. september og urðu nokkrir skaðar á trjágróðri, mest í Ásbyrgi, þar sem mikið féll af trjám í lerkireit innst í byrginu. Reiturinn er um 0.80 ha og talið er að um 66% af trjánnum hafi fallið eða um 300 tré. Maðkur á birki var ekki áberandi en ryðsveppur var mikill í Vaglaskógi og víðar.



Stormfall í Ásbyrgi

3. STARFSFÓLK

Föstum starfsmönnum hefur fækkað síðustu ár. Einn nýr starfsmaður var fastráðinn á árinu, Kristján Stefánsson. Guðni Þorsteinn Arnþórsson var verkstjóri og aðstoðarskógarvörður, Sigurpáll Jónsson var í veikindaleyfi allt árið, Margrét Guðmundsdóttir sá um skrifstofu, áætlanagerð, vann við erfðæfni og er gjaldkeri stofnunarinnar, Guðrún Jónsdóttir vann við frærækt, erfðæfni, viðarvinnslu, veðurtöku og sá um afgreiðslu plantna fyrir Norðurlandsskóga, Teitur Davíðsson vann við skógarhögg, grisjun, viðarvinnslu o.fl., Kristján Stefánsson vann við skógarhögg, viðarvinnslu o.fl. Tveir sumarmenn voru á þessu ári við skógarhögg, viðarvinnslu ofl, Jóhannes Kristjánsson og Jón Einar Björnsson auk þess sem Kristján Jónsson vann ýmis íhlaupastörf. Verktaki var ráðinn í skógarhögg og grisjun.

Laun og launatengd gjöld voru alls kr. 26,442,105, sem skiptust þannig: BSRB laun kr. 8,460,099, ASÍ laun kr. 17,208,312, dagpeningar kr. 521,850, akstur kr. 251,844.

4. GIRÐINGAR

4.1. Viðhald

Viðhald girðinga var með minna móti þetta ár. Mesti kostnaðurinn var við uppsetningu og niðurtöku rafgirðingar um Lunds- og Þórðarstaðaskóg.

Kostnaður við viðhald girðinga var kr 484,156, sem skiptust þannig: Laun og launatengd gjöld kr. 164,837, alls 93 vinnustundir. Verktakar kr. 309,553. Annar kostnaður kr. 9,766.

Kostnaður við smölun var kr. 146,483. Laun og launatengd gjöld kr. 13,839, alls 9 vinnustundir. Verktakar kr. 132,644

4.2. Nýgirðingar

Engar nýgirðingar voru girtar á þessu ári.

5. SKÓGARHÖGG

5.1. Viður

Unnið var við skógarhögg og grisjun í Vaglaskógi, Þórðarstaðaskógi, Melaskógi, Skuggabjargarskógi, Vöglum á Þelamörk og Ásbyrgi.

Í Vaglaskógi var grisjað birki í reitum 106, 117, 23, 24, 325 og 328. Birki og stafafura í reit 327. Stafafura í reit 224, 243 og 244.

Í Þórðarstaðaskógi var grisjað birki í reit 192.

Í Melaskógi var grisjað birki með vegi í reitum 192, 220, 222, 297 og 298

Í Skuggabjargarskógi grisjaði verktaki lerki í reit 110, 0,8 ha.

Á Vöglum á Þelamörk grisjaði verktaki lerki í reitum 7, 22, 87, 91 og 92.

Í Ásbyrgi var tekið lerki úr svæði sem stormféll 17. september 0,8 ha.

Grisjað var alls á árinu ca. 2 ha. af birki 1.65 ha. af stafafuru og 1.60 ha. af lerki

Felldur viður:

Birki	ca	80 tonn
Stafafura	ca	57 tonn
Lerki	ca	60 tonn



5.1.1. Sala girðingarstaura

Engir girðingastaurar voru seldir á árinu.

5.1.2. Viðarsala

Arinviður stórir birki ca 20 kg	3,715	pk
Arinviður stórir barr ca 20 kg	2,273	pk
Arinviður litlir barr ca 10 kg	10	pk
Arinv/eldiviður sagaður klofinn barr	5	m3
Arinv/eldiviður sag klofinn birki	3	m3
Eldiviður afsag	7	m3
Arinviður/eldiviður alls í t	122,86	tonn
Bolviður birki	0,78	m3
Borð og plankar birki	0,04	m3
Borð og plankar lerki	0,13	m3
Borð og plankar greni	0,01	m3
Reykingaviður	500	kg
Birkikurl/flís	3,125	kg
Plattar	1,209	stk
Beðkurl .	33,4	m3
Viðarkol	83	kg

5.1.3. Birgðir í árslok

Lerki óunnið ca	75 tonn	Plattar óheflað	840	stk
Smíðaviður fura	85 m	Plattar heflað	3,216	stk
Smíðaviður birki	300 m	Birkikurl/flís	500	kg
Smíðaviður lerki	90 m	Beðkurl	1	m3
Staurar 6 fet	584 stk			
Staurar 5 fet	90 stk			
Arinviður stórir barr	120 pk			

Vinnustundir við skógarhögg og viðarvinnslu voru 8,297 og laun og launatengd gjöld kr. 12,866,960, þar af kjarasamningagjöld s.s. orlof, veikindi og aðrar samningsbundnar launabætur kr. 4,934,928, alls 3,280 vinnustundir. Unnið var við grisjun af verktaka fyrir kr. 1,646,846.

5.2. Jólatré

Byrjað var að fella jólatré 6. nóvember og síðan fram að jólum eftir þörfum. Mest var höggið á Vöglum á Þelamörk.

Felld voru 125 tré. Seld voru 87 tré, önnur fóru til starfsmanna og í úrkast.

	Rauðgr	Stafafura	Blágreni	Fjallap.	Samtals
Fellsskógur				5	5
Vaglaskógur	3				3
Vaglir Þelamörk	28	51			79
Þórðarstaðaskógur	14		24		38
Alls	45	51	24	5	125

Seld tré

Stærð	Rauðgr	Stafafura	Blágreni	Fjallap.	Samtals
Óflokkað					
070-100					
101-125	3				3
126-150	7	12	3		22
151-175	17	23	2	1	43
176-200	5		2	1	8
201-250	1		3		4
251-300				1	1
301-400	1				1
401-500	4				4
501-600	1				1
Alls	39	35	10	3	87

Laun og launatengd gjöld v/töku og afh. jólatrjáa og greina var kr. 449,747, alls 244 vinnustundir, þar af kr. 132,580, alls 81 vinnustund í kjarasamninggjöld



Tekjur skiptust þannig:

	Sala	Aðkeypt	Mismunur
Jólatré	425.899		425.899
Greinar	69.760		69.760
	Samtals	495.659	495.659

6. GRÓÐRARSTÖÐ**6.1. Fræplöntur**

Engu var sáð 2008

6.2. Dreifsetning

Engum græðlingum var stungið 2008

6.3. Garðplöntur

Pottaplöntur voru seldar fyrir kr. 6,023. 414 sumargræðlingum var stungið til eigin nota. Pottaðar voru 146 plöntur til eigin nota. Seldar og afh. voru 15 pottaplöntur.

6.4. Afhending skógplantna

Engar skógarplöntur voru seldar eða afhentar á árinu

6.5. Illgresiseyðing

Illgresiseyðing var svipuð í gróðrarstöð og umhverfi hennar og verið hefur síðustu ár. Unnið var við að halda skógarkerfli niðri í trjásafni og við beitarhúsatóftir í Vaglaskógi.

6.6. Nýframkvæmdir

Innréttað var horn í gróðurhúsi 1 vegna aðstöðu fyrir RGC borð.

6.8. Kostnaður

	Kr	Tímar
Nýsmíði	51.245	31,2
Sáning	10.290	7,0
Umhirða	70.514	41,8
Uppsetning tilrauna	37.862	20,6
Vetrarumbúnaður	20.991	11,2
Pottun	10.353	6,3
Vökvun	23.514	14,0
Tilraunir	22.284	13,3
Klipping græðlinga	10.888	7,0
Orlof	11.526	8,0
Alls	269.467	160,4

7. GRÓÐURSETNING

Tafla yfir tegundir, kvæmi og plöntufjölda

Engin gróðursetning fór fram 2008 nema landgræðslugróðursetning á Hálsmelum, 6040 plöntur af rússalerki 1/0, kvæmi Metshåihala, í reiti 603 og 591.

8. HIRÐING Í SKÓGLENDUM

Umhirða gönguleiða	Grundarreitur	35,110	20 tímar
	Vaglaskógur	12,532	8 tímar

9. BYGGINGAR

Lokið var við að leggja hitaveituleiðslur að Furuvöllum, starfsmannahúsi, fræhúsi og gróðurhúsi 1. Tengd var hitaveita í fræhús. Að öðru leiti var aðeins unnið við eðlilegt viðhald.

10. VÉLAR OG VERKFÆRI

Engin ný tæki voru keypt á árinu 2008. Aðeins var eðlilegt viðhald á vélum og tækjum.

12. ÝMISLEGT

12.1. Fundir og ferðalög

14/1	Fundur með fjármálastjóra á Egilsstöðum
15/1	Fundur á Egilsstöðum , þjóðskógasvið
19/3	Stjórnarfundur NLS á Akureyri
3/4- 4/4	Ráðstefna á Hvolsvelli
22/4	Fundur á Narfastöðum um lerki
29/4	Stjórnarfundur NLS á Akureyri
24/6	Fór um Norðurland vestra með girðingarefni á Gilá og á fund með garðyrkjustjóra Skagafjarðar í Reykjarhól
25/6	Skógarvarðarfundur með yfirstjórn á Egilsstöðum
27/6	Fór í Ásbyrgi með Þresti Eysteinsyni á fund með þjóðgarðsverði
3/9	Fór með Þresti, Rúnari, Lárusi og Hallgrími í skoðunarferð í Mela- og Skuggabjargarskóg
22/9	Fór í Ásbyrgi til að skoða stormfall á lerki
8/10	Fór í Ásbyrgi vegna hreinsunar í lerkireit
29/10	Fundur á Egilsstöðum með skógarvörðum og yfirstjórn
31/10	Árshátíð SR á Akureyri
4/12	Fór í Ásbyrgi á fund með þjóðgarðsverði
12/12	Stjórnarfundur NLS á Akureyri

12.2. Ferðafólk

Fjöldi ferðamanna var með meira móti þetta sumar. Komið var upp rafmagnstengingum á hjólhýsasvæðinu og er nú komið rafmagn á mest allt svæðið syðst í skóginum.

Skráðar gistinætur í Vaglaskógi voru 16,765, sem skiptust þannig eftir mánuðum: Í júní 3,110. Í júlí 8,237. Í ágúst 5,418.

Tekjur af útivistarsvæði voru kr. 1,252,235

Laun og launatengd gjöld voru kr. 477,128, alls 275 vinnustundir, þar af kjarasamningagjöld kr. 42,268, alls 23 vinnustundir.

Annar kostnaður kr. 2,958,628, aðallega stækkun á rafmagnsheimtaug og kaupleiga snyrtihúsa.



Skógarkaffi í Vaglaskógi á aðventunni

12.4. Annað

Rúnar Ísleifsson, skógræktarráðunautur, vann áfram að gerð umhirðu- og nýtingaráætlunar í skóglendum á Norðurlandi.

Ég vil að lokum þakka samstarfsfólki mínu gott samstarf á árinu.

Vöglum nóvember 2009

Sigurður Skúlason, skógarvörður

